



Þátttaka barna í leikskólastarfi Engjaborg – Funaborg – Hólaborg – Sunnufold – Háskóli Íslands

ÞRÓUNARVERKEFNI UNNIÐ VETURINN 2022-2023

ANNA MAGNEA HREINSDÓTTIR/PÁLA PÁLSDÓTTIR/AGNES
JÓNSDÓTTIR/SIGRÚN GRÉTARSDÓTTIR/ANNA
MAGNÚSDÓTTIR/MELKORKA KJARTANSDÓTTIR



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 2 |
| Þátttaka barna í leikskólastarfi | 3 |
| Framkvæmd verkefnisins | 5 |
| Ráðstöfun styrks | 8 |
| Mat á verkefninu | 8 |
| Afurðir og kynning | 11 |

Inngangur

Markmið verkefnisins er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Veturinn 2022-2023 var unnið að því að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakenda. Það verður helst gert með því að kennara og annað starfsfólk tileinki sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra. Ávinningur þessa þáttar fyrir börnin í leikskólunum er að kennarar og annað starfsfólk kynnist margvíslegum aðferðum og leiðum til að nálgast sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik. Afrakstur verkefnisins felst fyrst og fremst í aukinni þekkingu starfsfólks leikskólanna á því hvernig hægt er að auka virkni og þátttöku barna í daglegu starfi. Þeirri þekkingu mun starfsfólkið miðla til annarra starfsmanna leikskóla í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar með stuttum skilaboðum og frásögnum í Book Creator forritinu.

Byggir verkefnið á þörf leikskólanna á fræðslu og umræðu um hvernig best sé að auka þátttöku barna í daglegu starfi og í mati á skólastarfinu með leiðum sem væru vel til þess fallnar. Einnig hvernig kennarar og annað starfsfólk getur hlustað á virkan hátt á sjónarmið barna og áttað sig á áhrifamætti þeirra, en talið er að raddir barna og sjónarmið séu helsta breytingar- og umbótaaflið í skólastarfi.

Áskorunin er ávallt sú að margt ungt fólk starfar í leikskólunum sem hefur litla reynslu af leikskólastarfi sem þarf að starfa eftir skýrri stefnu en jafnframt að hafa sjálfræði í störfum. Farsælasta leiðin til að ná því jafnvægi er að standa að reglulegri fræðslu og umræðu um hugmyndafræði leikskólans, hlutverk starfsfólks í leik barna og að meta starfshætti reglulega með kerfisbundnum hætti og þátttöku barna, foreldra og starfsfólks. Þetta verkefni á að bregðast við þessum áskorunum.

Í fyrsta þætti verkefnisins, sem var unnið veturinn 2021-2022 var unnið að því styrkja kennara og annað starfsfólk leikskólanna í að vinna að sjálfsefningu og félagsfærni í leikskólunum í daglegu starfi og leik og að efla kerfisbundin vinnubrögð í flæðandi starfi leikskólanna. Tilgangurinn er að undirstrika mikilvægi þess að koma auga á hugmyndir barnanna og bregðast við þeim með því að huga að skipulagi leikumhverfis, leikefnis, tíma og þeim möguleikum sem börnin hafa til að þróa hugmyndir sínar og leik í daglegu starfi. Hefur skýrsla verið send til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og myndbönd gerð, sjá: <https://menntastefna.is/strengths/flaedi-og-samsetning/>

Í þessari skýrslu er fjallað um annan hluta verkefnisins sem unnið var að veturinn 2022-2023 sem felst í að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakenda. Það var gert með því að kennara og annað starfsfólk tileinki sér þær aðferðir sem til eru til að hlusta á virkan hátt á sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra.

Markmið verkefnisins endurspeglar helst áherslu menntastefnunnar á sjálfsefningu og félagsfærni þar sem leikskólastarf á að byggja á jafnrétti og virkri þátttöku bana með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Það er kjarni verkefnisins og til að ná þessum markmiðum munum við leggja áherslu á að styrkja starfsfólk leikskólanna með þátttöku í upplýsandi fræðslu og umræðu um hvernig hægt er að virða skoðanir barna og áhrifamátt þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð.

Þátttaka barna í leikskólastarfi

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð áhersla á leikskólann sem lýðræðislegan vettvang og lærdómssamfélag fyrir börn þar sem þau fá tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um leikskólastarfið. Þá skal leikskólinn vera staður þar sem allir sem þar dvelja hafa áhrif á leikskólastarfið með verkefnavali sínu og vinnubrögðum. Með það að markmiði að auka virka þátttöku barna í leikskólastarfi á ýmsa vegu og uppfylla þannig markmið Aðalnámskrá og Menntastefnu Reykjavíkurborgar um barnið sem virkan þátttakenda verða aðferðir kynntar fyrir starfsfólki sérstaklega sniðnar að fjölbreyttum tjáningarmáta barna, sem einskorðast ekki við það sem sagt er. Lagt er til að notuð séu tæki sem geri börnum kleift að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar á táknrænan hátt, til dæmis með teikningum og ljósmyndum. Þar sem félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri, verður gert ráð fyrir virkri þátttöku þeirra í leikskólastarfinu og að þau séu sérfræðingar í lífi sínu. Slíkt getur aukið skilning fullorðinna á lífi barna og gefið þeim möguleika á því að skoða heiminn út frá sjónarhorni barnanna sjálfra. Lýðræðis- og jafnréttissjónarmið verða í hávegum höfð í öllu starfi leikskólanna og lögð áhersla á að starfsfólk er samverkamenn barna.

Til að efla sjálfræði barna, þarf kennari að vera fyrirmynd í samskiptum og gjörðum, hann þarf að hlusta á börnin svo að þau hlusti á hann (Sunnufold, 2016). Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) var lögfestur á Íslandi árið 2013. Samkvæmt honum hafa börn rétt til að láta í ljósi skoðanir sínar í öllum málum sem þau varða og það þarf að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir, auðvelda þeim að tjá þær, hlusta á þau og bregðast við sjónarmiðum þeirra (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992; United Nations, 2017). Niðurstöður erlendra og innlendra rannsókna um þátttöku barna í ákvarðanatöku í leikskólum eru samhljóma og sýna að börn hafi fremur litla möguleika til að hafa áhrif (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009, 2012, 2013; Ekström, 2006; Kristín Dýrfjörð, 2006; Pramling og Sheridan, 2003).

Í þessum verkhluta var líkan Lundy (2007) kynnt um þátttöku barna (sjá mynd 1). Ein leið til að greina þátttöku barna í leikskólastarfi er að styðjast við líkan Lundy (2007) sem byggir á fjórum viðmiðum. Það fyrsta snýst um að gefa börnum tækifæri til að mynda sér skoðanir og tjá þær. Annað viðmiðið fjallar um þátt starfsfólksins í að auðvelda börnum að tjá skoðanir sínar, veiti þeim viðeigandi upplýsingar og greiði fyrir því að þau láti í ljósi skoðanir sínar. Þriðja viðmiðið felst í að tryggja beri að hlustað sé á skoðanir barna, þ.e. að þeim sé komið á framfæri við aðila sem geta komið skoðunum þeirra í framkvæmd og fjórða viðmiðið snýst um þau áhrif sem raddir barna geta haft og að þær séu teknar alvarlega og brugðist sé við þeim.



Mynd 1. Líkan Lundy (2007)

Einnig var Mosaík nálgunin skoðuð, en sú nálgun felur í sér margar aðferðir sem henta vel til að fá fram sjónarmið barna og auka áhrifamátt þeirra í leikskólastarfi (sjá mynd 2). Mosaík nálgunin (Clark, 2005) felst í þremur þrepum og er markmið hennar að finna hagnýtar aðferðir til að láta rödd barna heyrast, bregðast við henni og viðurkenna hæfni ungra barna til að láta skoðanir sínar í ljós. Fyrsta þrepið vísar til brota af viðhorfum sem börn og fullorðnir safna saman. Brotunum er hægt að safna saman með þátttökuathugunum, hópviðtölum, ljósmyndum, teikningum, skoðunarferðum og í leikaðstæðum. Hvert brot gefur þátttakendum færi á að kynnast viðhorfum barnanna eða reynslu þeirra af skólastarfi. Annað þrepið felst í að safna þessum brotum saman með umræðu, ígrundun og túlkun starfsfólks og barna og þriðja þrepið snýst um að taka ákvarðanir um hvort breytinga er þörf, t.d. á skipulagi leikskólastarfs eða umhverfis (Clark og Moss, 2001).

| Aðferð | |
|-------------------------|---|
| Athuganir | Vettvangsnótur |
| Viðtöl við börn | Stutt viðtöl við hópa eða einstaka barn |
| Ljósmyndir og bókagerð | Ljósmyndir barnanna af mikilvægum hlutum |
| Skoðunarferðir | Farið um útisvæðið undir leiðsögn barna - upptaka |
| Kortagerð | Kort gert af útisvæði eftir teikningum og ljósmyndum barnanna |
| Viðtöl við þátttakendur | Óformleg viðtöl við starfsfólk og aðra þátttakendur |
| Töfrateppið | Kynning á kunnugum stöðum og ókunnugum |

Mynd 2. Aðferðir til að nálgast sjónarmið barna

Þátttaka barna í leikskólastarfi krefst hlustunar, þar sem fullorðnir og börn hlusta hvert á annað og virða fjölbreytt sjónarmið (Rinaldi, 2006). Í skólastarfi sem byggist á slíkum hugmyndum um lýðræði eru kennarar í hlutverki hlustenda, vinna með börnum og taka sjálfir þátt í því sem er að gerast, til dæmis við gerð verkefna. Hugmyndir kennara og barna mætast og byggjast á áhuga beggja. Áhrif hlustunar geta komið fram á ólíkum stigum: Í fyrsta lagi bein áhrif á viðkomandi einstaklinga, í öðru lagi áhrif á viðkomandi leikskóla og í þriðja lagi á stjórnkerfið sjálft eða sveitarfélagið (Clark, McQuail og Moss, 2003). Áhrif á einstaklinga geta verið á barnið sjálft, starfsfólk eða foreldra. Bein afleiðing þess að hlusta eftir sjónarmiðum barna geta verið breytingar á daglegu lífi þeirra, til að mynda að börnum verði leyft að skammta sér mat á diskinn sinn sjálf. Áhrifin geta verið styrkt sjálfsmynd barna og aukin hæfni í mannlegum samskiptum í kjölfarið. Er það í samræmi við kenningar Vygotsky (1978) um mikilvægi tungumálsins, ekki einungis sem tjáningarmiðill heldur einnig til að skýra hugsun og skilning. Einnig geta orðið breytingar á viðhorfum starfsfólks við það að kynnast sjónarmiðum barna, sem leiðir til þess að áframhaldandi samráð sé haft við börn, sem felur í sér lýðræðislegri vinnubrögð. Af þessu hlýst aukinn trúnaður milli barna og starfsfólks og aukin næmni á líðan barna. Foreldrar gera sér betur grein fyrir getu barna sinna þegar þeir kynnast sjónarmiðum þeirra og getur það leitt til breytinga á sambandi þeirra við börn sín.

Þau áhrif sem sjónarmið barna geta haft á starfsemi leikskóla geta falið í sér endurskoðun á skipulagi starfsins og endurskoðun á tengslum starfsfólks við börn. Orð Borlands og fleiri (1998) um að sjónarmið barna sé vegvísir til aðgerða eiga hér við. Það getur átt við um minniháttar skipulagsbreytingar á daglegum venjum eða jafnvel breytingar á dagskipulagi. Einnig geta sjónarmið barna leitt til breytinga á umhverfi barna, en samráð hefur verið haft við börn í tengslum við skipulag húsnæðis leikskóla og útisvæði þeirra (Clark og Moss, 2001). Áhrif sjónarmiða barna á stjórnkerfið eða sveitarfélagið hafa lítið verið rannsökuð, en mikilvægt er að sjónarmið barna og viðhorf séu

sýnileg þeim sem að stefnumótun koma. Ávinningur þessa þáttar fyrir börnin í leikskólunum er að kennarar og annað starfsfólk kynnist margvíslegum aðferðum og leiðum til að nálgast sjónarmið barna og virkja áhrifamátt þeirra í daglegu starfi og leik. Í leikskólunum starfa samtals um 100 kennarar og annað starfsfólk og um 250 börn sem hafa ávinning af því að auka virka þátttöku barna og áhrif með því að nálgast sjónarmið þeirra í daglegu starfi með aðferðum sérstaklega þróuðum til þess.

Framkvæmd verkefnisins

Sex mánaðarlegir tveggja tíma fundir voru skipulagðir með stjórnendum þar sem fram fór fræðsla og umræða um skilgreinda verkþætti. Á milli funda unnu stjórnendur verkefni með samstarfsfólki sem öll miðuðu að því að auka þátttöku barnanna í starfinu innan hvers leikskóla. Um fræðsluna sá Dr. Anna Magnea Hreinsdóttir, aðjúnt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Fundirnir voru haldnir í húsnaði Engjaskóla, í Gerðubergi og í húsnaði Hjálpræðishersins á eftirfarandi tímum:

20. september kl. 17:00 – 19:00

- Lok verkefnisins Flæði og samþætting
- Um samstarfsverkefnið Þátttaka barna í leikskólastarfi
- Um starfendarannsóknir
- Val á starfsþætti til að þróa - Umræða í hópum
- Tillögur kynntar
- Óvæntur gestur ... gleði ... gleði ...gleði

26. október kl. 8:30 – 10:30

- Leikskólar kynna áhersluþættina sem ákveðnir voru á síðasta fundi og hugmyndir um hvernig unnið verður með þá og fylgst með
- Þátttaka barna – fjórir þættir sem einblínt verður á

10. janúar kl. 9:00- 11:00 sameiginlegur starfsdagur

- Kynningar leikskóla
- Hvernig fáum við samstarfsfólk með okkur í breytingar?

21. febrúar kl. 9:00 – 11:00

- Hvernig gengur?
- Engjaborg – kynning – hugmynd að afrakstri
- Funaborg – kynning – hugmynd að afrakstri
- Hólaborg – kynning – hugmynd að afrakstri
- Sunnufold – kynning – hugmynd að afrakstri
- Umræður

21. mars kl. 9:00 – 11:00

- Engjaborg – kynning á sögum
- Funaborg – kynning á sögum
- Hólaborg – kynning á sögum
- Sunnufold – kynning á sögum
- Umræður

26. apríl kl. 17:00 – 19:00 sameiginlegur starfsmannafundur


- Stutt samantekt á vetrinum
- Myndböndin
- Hlé
- Sögurnar
- Endurmat

Á fyrsta fundinum, sem var sameiginlegur starfsmannafundur haldinn í Engjaskóla eftir vinnu, voru umræður í hópum þar sem starfsfólk valdi sér þætti til að þróa yfir veturinn (sjá mynd 3). Komu margar áhugaverðar tillögur fram um hvernig hægt væri að auka þátttöku, virkni og áhrif barnanna á daglegt starf leikskólanna.



Mynd 3. Kynningar leikskólanna á áhersluþáttum verkefnisins

Fylgst var með innleiðingaferlinu í anda starfendarannsóknna og ættleiddi hver deildarstjóri ákveðin verkþátt og bar ábyrgð á innleiðingu hans, fylgdist með og kynnti fyrir öðrum. Starfendarannsókn (e. action research) felst í því að byggt er á fagþekkingu kennara á vettvangi (Jóhanna Einarsdóttir, 2009). Um er að ræða ferli sem hentar vel til að halda utan um þróunarstarf. Þá skoða kennarar jafnt og þétt eigin starfsaðferðir með það að markmiði að bæta þær, finna nýjar og prófa sig áfram með



nýjar aðferðir eða nálgun (McNiff, 2013). Lögð verður áhersla á lærdómssamfélag jafningja og umræðum. Umsóknin og verkefni byggja á þeim fræðum sem stuðst er við í grunn- og framhaldsnámi í leikskólakennarafræðum og helstu rannsóknum á sviðinu, innlendum sem erlendum. Lesefni verður jöfnum höndum lagt fyrir starfsmannahópana og verkefni unnin milli þess sem reglulegir fræðslu- og umræðufundir eru haldnir.

Árangur verkefnisins var metin jöfnum höndum í endurmati eftir veturinn og í innra mati leikskólanna. Héldu deildarstjórnir nokkrar kynningar á þeirri þróun sem átti sér stað í leikskólunum. Unnu leikskólarnir með að auka þátttöku barna með því að skoða eftirfarandi þætti:

- Ólík hlutverk – borðþjónn, bókavörður, blómahirðir ...
- Matartími
- Hópastarf
- Fataherbergi
- Útivera
- Salernisferðir
- Leiktími, efni og svæði
- Leikfélagar
- Hvíld
- Samverustundir - samræðustundir

Mynd 4. Frásagnir af þróun starfsins

Ráðstöfun styrks

Styrknum hefur verið ráðstafað á eftirfarandi hátt:

| Kostnaðarpáttur | Sundurliðaður kostnaður | Heildarkostnaður | Hlutur Þróunarsjóðs Skóla og frístundaráðs Reykjavíkur | Framlög leikskólanna |
|--------------------------------------|--|------------------|--|----------------------|
| Laun starfsfólks leikskólanna | 105 starfsmenn X 16 klst x 4000 krónur | 6.720.000 | 2.847.000 | 3.873.000 |
| Efniskostnaður | Matur á fundum, pappír og námsefni | 365.268 | 300.000 | 65.268 |
| Aðkeypt þjónusta | Verktakalaun fyrirlesara | 740.000 | 740.000 | 0 |
| Annað | Fundasalir og fl | 113.000 | 113.000 | 0 |
| Alls | | 7.873.000 | 4.000.000 | 3.938.268 |

Mat á verkefninu

Í lok verkefnisins var könnun lögð fyrir alla þátttakendur í verkefninu með opnum spurningum um þá þróun sem átt hefur sér stað í starfi leikskólanna á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir.

Hlutverk kennara í leik barna

Sú þróun sem orðið hefur á hlutverki kennara í leik barna er að þeir eru meðvitaðri um færni barna og nýta betur fleiri aðstæður til að styðja við þau að leysa verkefni sjálf í stað þess að taka fram fyrir hendurnar á börnunum. Það ríkir meiri skilningur og þolinmæði gagnvart börnunum og það er minni stjórnun barnahópsins. Kennarar sjá betur það sem er að gerast hjá barni, uppgötvanir og þroska. Fram kom að kennarar spyrja börnin og hlusta meira á það sem börnin vilja. Þeir eru mikið að skoða hver eru áhugamál og styrkleikar barnanna og eru meðvitaðri um að styðja við leik barna og vera nálægt þeim. Þeir vilja þekkja áhugasvið barnanna og hlusta á þau. Einnig kom fram að kennarar eru oftast með börnunum í leikum. Einn stjórnandi sagði: „Mér finnst kennarar vera meira í því að leiðbeina og leyfa börnum að prufa sig áfram í aðstæðum“.

Fram kom að þátttakendum fannst námskeiðið hafa verið mjög lærdómsríkt og vakið starfsfólk til umhugsunar um réttindi og raddir barna í leikskólastarfi. Stjórnandi sagði: „Það skiptir svo miklu máli að hugsunarháttur leikskólakennara sé á þann hátt að þeir taki tillit til vilja á þarfa barna út frá þeirra forsendum eins og hægt er“.

Það var nokkuð lýsandi svar sem kom frá einum þátttakenda: „Mér finnst almennt kennarar komnir nær börnunum í leik. Þeir eru sem sagt til staðar, spjalla og taka þátt þegar börnin leita eftir því“.

Námsumhverfi barnanna og leikefni

Fram kom að námsumhverfið er orðið aðgengilegra og meira um að börnin fái að velja hvað þau leika með. Stjórnandi sagði: „Við erum meðvitaðri um að hafa bjargir fyrir börnin sem auðveldar þeim að leysa verkefni sjálf. Margt hefur orðið til hins betra, þótt alltaf megi gera betur“.

Meiri hugsun er um að námsumhverfið sé hannað fyrir börnin og að því megi breyta. Leikefni hefur færst neðar og er nú í sjónlínu barna. Leikefnið er fjölbreyttara og námsumhverfið aðgengilegra fyrir börnin. Þau ná í það leikefni sem þau vilja leika með og það er meira flæði og blöndun á leikefni. Það hefur jafnframt orðið sú þróun að leikskólakennarar eru meðvitaðri um að staðsetja fjölbreyttan efnivið á þeim stöðum sem passar börnunum og þar sem börnin nýta og njóta efniviðarins á bestan

hátt. Það er nú meiri hugsun að baki ákvörðunum um að taka inn efnivið og að staðsetja hann. Einnig vilji til að bera breytingar ef þarf. Flestum fannst því mikil þróun hafa orðið á námsumhverfi barnanna og leikefninu. Núna er umhverfið meira skipulagt út frá áhuga barnanna. Leikefnið er fjölbreyttara, þar sem hugmyndir barnanna ráða ferðinni meira við notkun leikefnis. Verðlaust efni er mun meira notað, enda vinsæll efniviður hjá börnunum.

Stjórnandi sagði: „Eftir að hafa spurt börnin og kannað hvað þau vilja hafa í umhverfi sínu höfum við gert ýmsar breytingar. T.d. sett inn opinn efnivið, kveikjur, inn í það leikefni sem þau hafa áhuga á. Breytt leiksvæðum, t.d. með skilrúmi og búið til ný svæði fyrir utan deildina þar sem nokkur börn geta leikið sér svolítið í friði“.



Skipulag dagsins

Aukið svigrúm hefur skapast fyrir hugmyndir barnanna og aukinn tími fyrir þau að leysa aðstæður sjálf. Stýrðum stundum hefur fækkað og leikstundir verið lengdar. Deildarstjórar eru meðvitaðri um hvað faglega starfið skiptir máli og hafa skipulagt starf á móti frjálsa leiknum. Dagskipulagið hefur verið skipulagt út frá þörfum barnanna og það er til sífelldrar endurskoðunar ef breytingar verða á barnahópnum eða öðru. Flæðandi skipulag hefur verið einkennandi fyrir til dæmis Engjaborg. Stjórnandi sagði: „Núna upplifi ég enn minni biðtíma hjá börnunum. Myndrænt dagskipulag og aðrar myndrænar merkingar styðja við börnin og einnig okkur kennarana“.


Skráningar á námi barna

Starfsfólkið er meðvitaðra um að gera myndaskráningar og mætti gefast meira meira svigrúm fyrir frekari ígrundun og ítarlegri skráningu á aðstæðum barna. Deildarstjórar hafa tekið góðan kipp í skráningum og aðeins farið að bera á því að aðrir starfsmenn skrái. Sumir hafa alltaf gert mikið af skráningum en eru farin að skoða skráningar m.t.t breytinga. T.d. áhugasviðs og styrkleikaskráningar barnanna. Kennararnir eru að skrá meira leik barna bæði með myndum og texta. Deildarstjórar hafa lært það hvernig á að skrá starfið og gefið sér tíma í undirbúning til þess að skrá nám barnanna. Meira er lagt í skráningar og reynt að hafa þær faglegri nú þó að þeim hafi í heild fækkað á móti.

Þátttaka barna í daglegu starfi

Á einhverjum leikskólunum hefur þátttaka barna yfirleitt verið góð en hefur orðið enn betri. Börnin fá almennt frekari svigrúm við að gera sjálf, t.d. eru börn að skammta sér sjálf mat í matmálstíma og ganga sjálf frá eftir sig, það er mikil breyting frá því sem fyrir var.

Á öðrum leikskólum hefur orðið mikil breyting. Reynt er að hlusta á börnin þegar gerðar eru breytingar og börnin eru oft spurð hverju þau vilji breyta. Stjórnandi sagði: „Þegar börnin eru spurð um breytingar, það sem þeim þykir skemmtilegt eða



leiðinlegt, þá koma oft góðar hugmyndir frá þeim. Til dæmis kom í ljós að mörgum börnum þykir leiðinlegt að bíða í röð og þess vegna fórum við í átak að fækka þessum stundum þar sem börnin þurfa að standa í röð“.

Börn eru talin geta meira í dag en áður og kennarar eru meðvitaðir um það að börn fái að taka þátt í starfi heldur en að gera bara það sem kennarar segja þeim að gera. Ef þau vilja hjálpa til þá er það velkomið ef þau vilja það ekki þá er það líka velkomið. Kennarar eru meðvitaðri hvað börn geta tekið þátt í daglegu starfi og eru duglegri að búa til hlutverk fyrir börnin. T.d. umsjónamenn, söngstjóri, geymari, hjálpa til við að fara yfir garðinn. Í einum leikskólanum voru haldnir barnafundir til að hlusta reglulega á raddir barna.

Farið er að spyrja börn hvernig hægt sé að bæta leikskólaumhverfið, hvað þeim finnst um leikefnið og leiksvæði. Hvað þeim finnst um hádegismatinn og hvað sé hægt að bæta þar. Einn stjórnandi sagði: „Við erum á fljúgandi ferð í að finna mismunandi leiðir í að leita eftir sjónarmiðum barna. Við ræðum við þau í minni hópum um ákveðin málefni. Spjöllum um allt mögulegt og heyrum þá betur þeirra vangaveltur. Fylgjumst með þeim í leik og virkni þeirra. Einnig setjum við upp kosningar varðandi þemadaga. Næst á dagskrá er að vera með barnateymi um mismunandi þætti starfsins“.

Reynt er eftir bestu geta að mæta öllum börnum þar sem barnahópurinn er fjölbreyttur, bæði hvað varðar mál og færni. Skoðað er áhugasvið og styrkleikar hvers barns með skráningum og rætt við börnin í litlum hópum. Hlustað er á hugmyndir barna, þeim leift að fara á milli hópa. Stuðst er við Gefðu 10 og myndrænt dagskipulag haft og eru kennarar nálægir og þekkja þarfir barnanna. Hlustað er á raddir allra barna hvort sem þær koma fram í tungumáli þeirra, listsköpun, líkamlegri tjáningu, áhugasviðið og skráningum. Stjórnandi sagði: „Við erum lausnamiðuð og því alltaf að huga að því hvað barnið er að leita eftir og hvað vill það sem einstaklingur. Að vera með flæðandi skipulag hefur mikinn sveigjanleika þar sem auðveldara er að bjóða upp á stað eða leikefni sem hentar fjölbreyttum barnahóp“.



Hvað tek ég með mér?

Fram kom að það hafi verið fróðlegt og skemmtilegt verkefni, það hefur gengið mjög vel að koma breytingum. Kennarar hafa verið mjög áhugasamir og tilbúin í breytingar á deildinni. Börnin eru dugleg að taka þátt og gaman að sjá hvað þau eru áhugasöm og spennt fyrir ýmsum hlutverkum.

Stjórnandi sagði: „Það er ekkert nýtt undir sólinni, en mikið er gott að fá svona utanum hald og fá að ræða starfið. Ég er svo stolt af því að vera leikskólakennari og geta tekið þátt í að sjá leikskólabörnin blómstra og verða virkir þátttakendur í sínu leikskólalífi“.

Annar stjórnandi sagði: „Það helsta að minna sjálfan mig að vera stöðugt og tánum, beita ígrundun og mæta fjölbreytileikanum. Ánægju. Gaman að sjá að verkefnið skilar sér inn til barnanna. Að hlusta á börnin er góð leið til að flæðisástand í leiknum skapist oftar“.

Jafnframt kom fram mikilvægi þess að vera til staðar fyrir börnin en reyna eins mikið og maður getur að leyfa þeim að gera sjálf og hjálpa ef þeim vantar aðstoð. Mikilvægi þess að hlusta á raddir barna og reyna eftir fremstu getu að skipuleggja leikskólastarfi út frá þörfum barnanna. Gefa þeim tíma og rými til að vera þau sjálf með vinum sínum í frjóu umhverfi þar sem þau ná að leika sér og skapa.

Hvaða vangaveltur brenna á mér?

Tímaskortur og mannekla var helst nefnt sem áskorun. Annars ekkert sérstakt sem hægt er að fá svör við en verkefnið hefði orðið enn betra ef allir stjórnendur hefðu getað mætt á allar kynningar. Þetta var mjög vel skipulagt og fróðlegt námskeið. Stjórnandi var bara upptekin af því að halda áfram að þróa þessa vinnu í sínum leikskóla,

Hvað hefði ég viljað læra meira um?

Hefði viljað setja meiri burði í verkefnið í leikskólanum, en vinnuaðstæður, veikindi og mannekla spiluðu því miður of stóran sess í vetur. Enn við reynum alltaf að gera betur alltaf. Annar stjórnandi sagði: „Ég bara vona að þessi vinna þrívist áfram og að við höldum áfram að hlusta meira á börnin“. Kallað var eftir meira lesefni. Það er svo gott að fá lesefni sem búið er að gagnrýna og auðvelt er að tengja við það sem maður er að gera hér og nú.

Afurðir og kynning

Afrakstur verkefnisins felst fyrst og fremst í aukinni þekkingu starfsfólks leikskólanna á því hvernig hægt er að auka virkni og þátttöku barna í daglegu starfi. Þeirri þekkingu mun starfsfólkið miðla til annarra starfsmanna leikskóla í verkfærakistu Menntastefnu Reykjavíkurborgar með stuttum skilaboðum í sögum sem gerðar eru í forritinu Book Creator. Sögum hefur verið safnað úr leikskólunum um þátttöku barna í daglegu starfi sem aðrir leikskólar geta lært af.

Afrakstri verkefnisins verður miðlað á sameiginlegum leikskólastjórafundum hjá Reykjavíkurborg. Áætlað er að skrifa greinar um verkefnið og framgang þess í ritrýndu tímariti. Að auki verður verkefnið kynnt á árlegri ráðstefnu EECERA haustið 2023 og á Menntakvikunni.

Heimildir

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: Lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla [doktorsritgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/4331>

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2012). Hver hlustar? Raddir barna og áhrif þeirra á leikskólastarf. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 75–99). RannUng; Háskólaútgáfan.

Clark, A. (2020). Towards a listening ECEC system. Í C. Cameron og P. Moss (ritstjórar), *Transforming early education in England: Towards a democratic education* (bls. 134–151). UCL Press.

- Clark, A. og Moss, P. (2001). *Listening to young children*. National Children's Bureau; Rowntree Foundation.
- Clark, A. og Moss, P. (2005). *Spaces to play: More listening to young children using the Mosaic approach*. National Children's Bureau.
- Corsaro, W. (2005). *The Sociology of Childhood*. Pine Forge Press.
- Corsaro, W. A. (2003). *We're friends, right? Inside kids' culture*. Joseph Henry Press.
- Jenks, C. (2005). *Childhood*. Routledge.
- Jóhanna Einarsdóttir og Sara Margrét Ólafsdóttir. (2020). Fullgildi í leikskóla: Sjónarmið barna og starfsfólks. *Tímarit um uppeldi og menntun* 29(2), 113–131.
- L. Lundy, L. (2007). "Voice" is not enough: conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child", *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942.
- Lundy, L., McEvoy, L. og B. Byrne. (2011). Working With Young Children as Co-Researchers: An Approach Informed by the United Nations Convention on the Rights of the Child, *Early Education & Development*, 22(5), 714-736.
- Welty, E. og L. Lundy. (2013). "A children's rights-based approach to involving children in decision making", *Journal of Science Communication*, 12(3): C02.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*.
- Mihaly Csikszentmihalyi, Harper og Row. (1990). *FLOW: The Psychology of Optimal Experience*. Global Learning Communities.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1992). <https://www.althingi.is/lagas/150b/1992018.2c5.html>